

verða verulega mentaðir; og sjálfmentaðir eru þeir, sem einhverri mentun hafa náð án skólagöngu. Hinir sjálfmentuðu standa miklu nær þeim ómentuðu heldur en hinir hálfmentuðu.

Eitthvað lík þessu er sundurgreining fólks, samkvæmt mentun þess, í almenningsálitinu. Hún hefir það til síns ágætis að hún er ákaflega þægileg; hún er eins einföld, skýr og ákveðin og óskað verður. Hvað getur verið óbrottnara og ákveðnara en tveir flokkar, sem eiga ekkert skylt saman, og svo tveir milliflokkar, sem eru aftur sín á milli vel aðgreinanlegir? Auk þess fylgir þessari skiftingu sá mikli kostur, að það er eins og hún gefi til kynna gildi mentunarinnar. Það er ekki hætt við því að menn hafi óljósa meðvitund um yfirburði mentaða flokksins meðan skiftingin er svona ákveðin í almenningsálitinu; og því síður er hætt við að þeir, sem milliflokkunum tilheyra gleymi, hvar þeir standa.

Það er að eins einn galli á þessari þægilegu og ljósu sundurgreiningu, sami gallinn og er á svo mörgu, sem hefir náð festu í almenningsálitinu og hefð í daglegu máli — hún er röng frá upphafi til enda. Það virðist nú vera æði stór galli; en samt er hann ekki svo óalgengur í almennum hugsunarhætti og skoðunum. Mönnum hefir alt af hætt við því að spyrja ekki eftir sannleiksgildi innihalds-